

Rusladæmi – flokkun sorps

Spilliúrgangur:

Öllum úrgangi sem er hættulegur fyrir umhverfið er safnað saman í lokuð kör. Þegar einstaklingar eða fyrirtæki eru með úrgang sem þau geta ekki sett í ruslið, eiga þeir/þau að hringja í fyrirtækið sem sér um sorpmálin í Trier og spurja hvar gámurinn sé. Svo þegar hann er orðinn fullur, sækir fyrirtækið hann. Hættulegustu efnin eru sett í eldvarinn gám sem lokast ef það kviknar eldur og koltvíoxíð dælist inn og kæfir eldinn. Dæmi um spilliúrgang er t.d. naglalakk, málning, spreibrúsar, lakk og ýmis leysiefni. Ef vökvinn er þornaður, t.d. málningin, þá flokkast það ekki sem spilliefni.

Allir sem að virða ekki reglur um spilliúrgang og henda honum í náttúruna geta fengið sekt og fólk er hvatt til þess að segja frá því ef það veit um slík athæfi.

Gler:

Svæðið sem við heimsóttum tekur ekki á móti gleri heldur endurvinnslustöð í Trier. Glerið er flokkað eftir litum, hvítt, grænt eða brúnt. Svo er hægt að endurvinna það 100% ef það er í réttum lit. Öll gler sem er óvíst í hvaða lit er, er sett í græna gáminn. Ef það er meira en 3% af lituðu gleri í hvíta glerinu, verður það verðlítið við endurvinnsluna. Fólk flokkar sjálft glerið í gámana og bæði miðarnir og tapparnir mega fara með.